

## **DRÖG SAMNINGUR**

milli Sjúkratrygginga Íslands kt. 650309-0220, í samningi þessum nefndar SÍ og \_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_, hér eftir nefndur verksali, um liðskiptaaðgerðir á mjöðum og hnjám sem heyra undir sérsvið bæklunarskurðlækna, fyrir sjúkratryggða einstaklinga skv. lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

### **1. gr. Gildissvið**

Samningur þessi er gerður á grundvelli laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu og laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga.

### **2. gr. Samningsgögn**

Um samninga SÍ um heilbrigðisþjónustu gilda lög nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

Samningsaðilar SÍ þurfa að fylgja tilteknum kröfum við framkvæmd samninganna skv. neðangreindum skilmálum, sbr. fylgiskjal I. Skilmálar SÍ eru yfirfarnir reglulega og ber aðilum að fara eftir gildandi útgáfu á hverjum tíma.

Eftirfarandi fylgiskjöl eru hluti samnings þessa:

Fylgiskjal I Almennir skilmálar Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) um kaup á heilbrigðisþjónustu, nú með gildistöku frá og með 1. júlí 2019.

### **3. gr. Markmið**

Í upphafi árs 2023 biðu um 1.800 einstaklingar eftir liðskiptaaðgerðum hjá opinberum heilbrigðisstofnunum og hafa 84% þeirra beðið lengur en 90 daga. Markmiðið heilbrigðisyfirvalda er að hlutfall þeirra sem bíða aðgerðar lengur en 90 daga fari ekki yfir 20% hjá hverjum þjónustuveitanda.

Markmið með samningi þessum er að lækka það hlutfall sjúkratryggðra einstaklinga, sem beðið hafa lengst eftir liðskiptaaðgerð, með því að veita þeim þjónustu samkvæmt samningi þessum.

Við framkvæmd samningsins skal verksali leitast við að ná fram markmiðum hans með hagkvæmum og skilvirkum hætti og tryggja að þjónustan við notendur sé ávallt í fyrirrúmi.

### **4. gr. Kröfur til verksala**

Verksali skal hafa staðfestingu Embættis landlæknis (EL), sbr. lög nr. 41/2007, um landlækni og lýðheilsu og uppfylla faglegar lágmarkskröfur skv. lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu og reglugerðum settum samkvæmt þeim lögum. Hann skal að jafnaði byggja starfsemi sína á gagnreyndri þekkingu á sviði heilbrigðisþjónustu, fylgja faglegum fyrirmælum EL og

styðjast við faglegar leiðbeiningar EL, sbr. lög um landlækni og lýðheilsu eftir því sem við á hverju sinni.

Verksali skal gæta ýtrustu hagkvæmni gagnvart sjúkratryggingum landsmanna, m.a. við alla meðferð, vísun á rannsóknir, myndgreiningu og lyf, með hliðsjón af góðri viðurkenndri læknisfræði.

Þjónusta verksala skal veitt af þverfaglegu teymi heilbrigðisstarfsfólks, sem samanstendur m.a. af bæklunarskurðlæknum, svæfingalæknum, hjúkrunarfræðingum og sérþjálfuðu starfsfólki. Verksali ábyrgist sérþekkingu, starfsleyfi og hæfni starfsmanna sinna sem veita þjónustu samkvæmt samningi þessum.

Verksali skal skipuleggja þjónustu sína þannig að hún dreifist sem jafnast yfir samningstímann. Verksali skal tryggja, að sjúklingar geti leitað til annarra lækna verksala í forföllum aðgerðarlæknis.

Áhöld, tæki og íhlutir sem notuð verða, skulu vera viðurkennd og CE merkt skv. reglugerð Evrópusambandsins um Lækningatæki 2017/745 (Regulation (EU) 2017/745) og aðrar lögbundnar kröfur sem gerðar eru.

## **5. gr. Aðstaða**

Heilbrigðisþjónusta sú sem samningur þessi tekur til skal veitt í húsnæði verksala að \_\_\_\_\_ . Skurðstofa og önnur húsnæðisaðstaða sem nauðsynleg er við veitingu þjónustu samkvæmt samningi þessum skal uppfylla kröfur sem EL setur.

## **6. gr. Þjónustan**

Heilbrigðisþjónusta sú sem samningur þessi tekur til felur í sér undirbúning, framkvæmd, nauðsynlega legu ásamt eftirskoðun vegna liðskiptaaðgerða. Um ræðir aðgerðir:

- Sem ekki eru bráðaaðgerðir og falla undir eftirfarandi flokkun aðferða og aðgerða í skurðlækningum. Aðgerðirnar geta verið ýmist frumaðgerðir eða enduraðgerðir:
  - Liðskiptaaðgerðir á mjöðm** - NCSP aðgerðakóðar NFB\*, NFC\*, NFSB\* og NFSC\*
  - Liðskiptaaðgerðir á hné** – NCSP aðgerðakóðar NGB\*, NGC\*, NGSB\*, NGSC\*

*\* merkir að um er að ræða allir undirskóðar sem byrja á þessum bókstöfum*
- Á einstaklingum sem flokkaðir hafa verið sem ASA 1-2 sjúklingar af svæfingalækni og talið er læknisfræðilega mögulegt að framkvæma skurðaðgerð í 2. stigs heilbrigðisþjónustu.
- Á einstaklingum sem verið hafa á biðlista eftir liðskiptaaðgerð 9 mánuði eða lengur.

## **7. gr. Gæði þjónustunnar**

Verksali skal setja sér gæðastefnu og mælanleg gæðamarkmið í þeim tilgangi að tryggja gæði og öryggi þjónustunnar og hafa virkt innra eftirlit.

Við veitingu þjónustu skal fylgja klínískum leiðbeiningum EL og Landspítala Ef ekki eru til íslenskar leiðbeiningar verður miðað við skandinavískar og evrópskar leiðbeiningar.

Verksali mun nota eftirfarandi almenna gæðavísa:

- .....
- .....
- .....
- .....

Verksali mun nota eftirfarandi sértæka gæðavísa:

- .....
- .....
- .....
- .....

Verksali skal halda skrá um aukaverkanir eftir aðgerð og skrá um þá sem þurfa endurgerð að halda hvort sem er hjá verksala eða öðrum t.d. Landspítala. Þessum upplýsingum skal skila til SÍ samhliða öðrum upplýsingum samkvæmt 16. gr. samnings þessa.

Verksali skal taka þátt í vinnu verkefnastjórnar sem skipuð hefur verið af heilbrigðisráðherra um innleiðingu verklags um gæðamál tengt liðskiptaaðgerðum, verði þess óskað.

Verksali skal koma að innleiðingu rafrænna tilvísana og vinna að skilvirkum rafrænum samskiptum við sjúklinga í gegnum Heilsuveru, verði þess óskað.

Að öðru leyti fer um gæði þjónustunnar skv. 9. gr. og um eftirlit samkvæmt 12. gr. Almennra skilmála SÍ um kaup á heilbrigðisþjónustu, sbr. fylgiskjal I.

## **8. gr. Verð og magn þjónustu**

Samningur þessi tekur til allt að \_\_\_\_\_ aðgerða á mjöðmum og \_\_\_\_\_ aðgerða á hnjám. Aðgerðirnar geta verið ýmist frumaðgerðir eða enduraðgerðir.

Aðgerð innfelur allan aðgerðarkostnað, íhluti og annað sem til fellur við aðgerðina ásamt kostnaði við nauðsynlega legu í kjölfar aðgerðar, ásamt eftirskoðun.

Þær aðgerðir sem samið er um að unnin séu á grundvelli samnings þessa koma fram í eftirfarandi gjaldskrá:

| Gj. nr. | Heiti                                      | Verð (kr.) |
|---------|--|------------|
| xxx     | Liðskiptaaðgerð á mjöðm                    |            |
| xxx     | Liðskiptaaðgerð á mjöðm, endurtekin aðgerð |            |
| xxx     | Liðskiptaaðgerð á hné                      |            |
| xxx     | Liðskiptaaðgerð á hné, endurtekin aðgerð   |            |

Kostnaður við nauðsynlegar blóðprufur og röntgenmyndir fyrir aðgerð eru ekki innifalinn í gjaldskrá þessari.

Óheimilt er að innheimta hærra verð fyrir þjónustu samkvæmt samningi þessum en það sem tilgreint er í ofangreindri gjaldskrá.

Þar sem sjúkratryggðir einstaklingar ákveða sjálfir til hvaða þjónustuveitanda þeir leita geta SÍ ekki tryggt að þjónustukaup skv. samningi þessum nái ofangreindu umfangi á ársgrundvelli.

#### 9. gr.

##### Forgangsröðun og biðlistar

Verksali skal nýta umsaminn aðgerðafjölda þannig að þeir sem uppfylla skilyrði samningsinsum aðgerð, sbr. 6. gr., og eru í brýnustu þörf fyrir þjónustu njóti forgangs.

Verkasali skal fylgja verklagi EL um skráningu í biðlistagrunn og skila rauntímagögnum til EL um biðlista og framkvæmdar aðgerðir.

#### 10. gr.

##### Greiðslur sjúkratryggðra

Fyrir þjónustu samkvæmt samningi þessum greiðir sjúkratryggður gjald samkvæmt reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, nú 16. gr. reglugerðar nr. 1551/2022.

Þeim hluta greiðslu, sem SÍ ber að greiða, skal verksali aldrei veita viðtöku úr hendi hins sjúkratryggða.

Verksali skal hafa gildandi gjaldskrá til sýnis fyrir sjúklinga á stofu sinni og vefsíðu.

#### 11. gr.

##### Greiðsluhluti SÍ

Fyrir þjónustu samkvæmt samningi þessum greiða SÍ það sem á vantar að greiðsla sjúkratryggðs skv. 10. gr. nemi fullri þóknun skv. 8. gr.

**12. gr.  
Reikningar**

Rafrænar reikningsupplýsingar vegna þjónustu skv. samningi þessum skulu berast SÍ daglega. Með reikningi til SÍ skal fylgja staðfesting á að einstaklingur hafi verið á biðlista eftir aðgerð í að lágmarki 9 mánuði.

Að öðru leyti fer um meðferð reikninga skv. 7. gr. fylgiskjals I.

**13. gr.  
Framsal réttinda - skuldskeyting**

Verksala er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum.

Verksala er óheimilt, án skriflegs samþykkis SÍ, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum samkvæmt samningi þessum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Ef verksali hefur fengið samþykki SÍ fyrir því að undirverktaki taki að sér einstaka þætti breytast í engu skyldur verksala gagnvart SÍ.

**14. gr.  
Þagnarskylda og persónuvernd**

Verksali skal gæta þagnarskyldu um allt það er hann verður var við í starfi sínu og leynt á að fara. Öllum veitendum heilbrigðisþjónustu og starfsmönnum þeirra ber að fara með persónuupplýsingar í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og tryggja áreiðanleika upplýsinga, sbr. lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

**15. gr.  
Ábyrgð og tryggingar**

Verksali skal fylgja lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem eru í gildi hverju sinni.

Verksali skal hafa fullnægjandi starfsábyrgðartryggingu svo og sjúklingatryggingu hjá viðurkenndu váttryggingafélagi, sbr. lög nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu, sbr. síðari breytingar. Verksali ber sjálfur kostnað af tjóni sem hann tryggir sig ekki gegn.

**16. gr.  
Upplýsingaskylda**

Verksali skal ótilkvaddur senda SÍ fyrir lok febrúar 2024 yfirlit yfir gæða- og árangursmælingar liðins árs.

**17. gr.  
Fjárreiður og fjárhagslegar ráðstafanir**

Um reikningshald og endurskoðun ársreiknings gilda ákvæði laga nr. 3/2006 um ársreikninga og laga nr. 145/1994 um bókhald.

Halda skal fjárreiðum og reikningshaldi vegna starfsemi og þjónustu skv. samningi þessum aðgreindum í bókhaldi frá öðrum rekstri og eignum verksala.

**18. gr.**  
**Vanefndir og vanefndarúrræði**

Um vanefndir og vanefndarúrræði fer skv. gr. 15 og 16 í fylgiskjali I.

**19. gr.**  
**Meðferð ágreiningsmála, réttarfar**

Um meðferð ágreinings og réttarfars fer skv. gr. 15 og 16 í fylgiskjali I.

**20. gr.**  
**Gildistími**

Samningur þessi gildir frá dd.mm. 2023 og gildir til og með 31. desember 2023. Hann öðlast þó ekki gildi fyrir en hann hefur verið staðfestur af heilbrigðisráðherra.

**21. gr.**  
**Fyrirvarar**

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um staðfestingu heilbrigðisráðherra.

Að öðru leyti fer um fyrirvara skv. 17. gr. fylgiskjals I.

Reykjavík, dd.mm. 2023

Samningur þessi er undirritaður með rafrænum hætti

**Almennir skilmálar Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) um kaup á heilbrigðisþjónustu.**